


SÓKN

-Sókn er besta vörnin

Tbl. 1 | 9. janúar 2026

Samstaðan bar árangur:

Áformum um kjaraskerðingu í veitingageiranum hrundið



Dreifimiðar sem vettvangsfulltrúar Eflingar dreifðu á vinnustaði

Átök Eflingar við gervistettarfélagið „Virðingu“ og atvinnurekendafélagið SVEIT sýna enn og aftur hversu mikilvæg samstaða og árvekni launafólks er. Með sameinuðu átaki félagsmanna, trúnaðarmanna og starfsfólks Eflingar tókst að afhjúpa og stöðva svikamyllu sem hefði leitt til verulegrar kjaraskerðingar fyrir starfsfólk í veitingageiranum.

Svikamylla atvinnurekenda

Kjarni málsins var tilraun Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði (SVEIT) til að þvinga fram verri kjör en þau sem kveðið er á um í löglegum kjarasamningi Eflingar við Samtök atvinnulífsins. Þegar Efling hafnaði því að semja um lakari kjör, brugðu atvinnurekendur á það ráð að stofna sitt eigið „stéttarfélag“, Virðingu, og gera við það kjarasamning. Í ljós kom að stjórnarmenn í Virðingu voru

eigendur og stjórnendur veitingastaða og nánir ættingjar þeirra, sumir hverjir einnig í forsvari fyrir SVEIT. Markmiðið var að láta nýráðið og grunlaust starfsfólk starfa samkvæmt þessum nýja samningi, sem hefði þýtt verulega

launalækkun og lakari réttindi, meðal annars með því að lækka eða fella niður álagsgreiðslur fyrir kvöld- og helgarvinnu.

Efling bregst við

Um leið og Eflingu barst vitneskja um þessi áform var brugðist hart við. Vettvangsfulltrúar og trúnaðarmenn Eflingar fóru á vinnustaði og upplýstu starfsfólk um stöðu mála og vöruðu við því að láta skrá sig í Virðingu. Félagið fordæmdi aðferðirnar opinberlega og birti lista yfir þau fyrirtæki sem stóðu að baki svikamyllunni til að

upplýsa almenning og neytendur.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sagði í umfjöllun um málið að lögbundin lágmarkskjör giltu á Íslandi og það væri einfaldlega óheimilt að greiða lakari laun. Í tilkynningu frá Eflingu var talað um „svik og pretti“ og Virðing sögð „ekki raunverulegt stéttarfélag heldur svikamylla rekin af atvinnurekendum í þeim tilgangi að skerða laun og réttindi starfsfólks“.

Til að undirstrika alvöru málsins tóku Efling, ASÍ og SGS baráttuna skrefinu lengra og lögðu fram formlega kærú á hendur SVEIT til Samkeppniseftirlitsins. Í kærunni er bent á að um ólög-mætt samráð fyrirtækja sé að ræða, sem hafi þann eina tilgang að halda niðri launum starfsfólks. Kæran hefur verið tekin til formlegrar meðferðar og er málið nú til rannsóknar hjá eftirlitinu.

Sigur samstöðunnar

Þökk sé skjótum viðbrögðum og samstöðu félagsmanna hefur tekist að verja kjör félagsfólks í veitingageiranum. Fjöldi fyrirtækja hefur þegar staðfest við Eflingu að þau muni virða kjarasamning félagsins og mörg sagt sig úr SVEIT. Sigurinn er mikilvæg áminning um að verkalýðsbaráttunni líkur aldrei og sýnir ótvírætt fram á styrk Eflingar. Efling verður áfram á verði gagnvart tilraunum atvinnurekenda til að grafa undan réttindum launafólks.

Við brún nýs dags:

Rætur baráttu Eflingarfólks



Verkafólk á Hauksbryggju við Mýrargötu á millistríðsárunum

Til að skilja baráttu dagsins í dag er nauðsynlegt að þekkja söguna sem við erum sprottin úr. Saga Eflingar hófst ekki við stofnun félagsins árið 1998, heldur á vindbördum hafnarbökkum og í köldum þvottahúsum í upphafi 20. aldar. Rætur okkar liggja í félögum eins og Dagsbrún og Framsókn, sem voru stofnuð af fólki sem neitaði að setta sig við réttleysi og kúgun.

Aðstæður sem kölluðu á breytingar

Í byrjun 20. aldar voru aðstæður verkafólks á Íslandi skelfilegar. Iðnbýlting í sjávarútvegi og vaxandi þéttbýli í Reykjavík sköpuðu nýjan veruleika fyrir þúsundir manna og kvenna. Vinnudagurinn var langur, oft 12-14 tímar, launin lág og allur aðbúnaður lélegur. Öryggi á vinnustað var ekkert og fólk naut engra réttinda ef það veiktist eða slasaðist. Það var, eins og Sigurður Pétursson sagnfræðingur benti á á trúnaðarmannanámskeiði Eflingar í febrúar 2024, algjört réttleysi sem ríkti. Laun voru oft greidd út í vörum í verslunum atvinnurekenda og fólk var þeim algjörlega háð.

Fyrstu félögin

– Dagsbrún og Framsókn

Upp úr þessum jarðvegi spruttu fyrstu verkafélögin. Þann 26. janúar

1906 komu sautján verkamenn saman í Góðtemplarahúsinu í Reykjavík og stofnuðu Verkamannafélagið Dagsbrún. Eins og Þorleifur Friðriksson lýsir í bók sinni Við brún nýs dags, voru þetta að mestu hafnar- og daglaunamenn sem sáu að eina leiðin til að bæta kjör sín væri að standa saman. Fyrstu kröfur Dagsbrúnar voru einfaldar en róttækar: viðurkenning á samningsrétti og að laun yrðu greidd í peningum en ekki vöruúttekt. Félagið sannaði tilverurétt sinn með sínu fyrsta verkfalli við höfnina árið 1913, þar sem hart var barist fyrir hærri kaup.

Verkakonur áttu sér ekki síður merka sögu. Þær unnu lægst launuðu störf, oft við fiskvinnslu, í þvottahúsum eða við ræstingar. Erfið vinna sem borgaði illa. Þann 25. október 1914 stofnuðu þær Verkakvennafélagið Framsókn. Á þeim tíma var tímakaup karla um 35 aurar, en kvenna aðeins 20 aurar. Framsókn háði því tvöfalda baráttu; bæði stéttabaráttu og kvennabaráttu fyrir jafnrétti og mannsæmandi kjörum.

Baráttumálin þá og nú

Fyrstu kröfur verkafólks snerust um þann grundvallarrétt að vera viðurkennd sem samningsaðili. Barist var

fyrir tilveruréttinum sjálfum: réttinum til að stofna stéttarfélög, viðurkenningu á samningsrétti og að fá laun greidd í reiðufé. Þegar þessi grunnur var lagður hófst svo baráttan fyrir þeim réttindum sem við teljum sjálfsgöð í dag. Mál eins og stytting vinnudagsins í átta stundir, lögbundinn veikindaréttur, réttur til sumarorlofs og aðgangur að mannsæmandi húsnæði urðu miðlæg baráttumál hreyfingarinnar. Þessi réttindi komu ekki af sjálfu sér. Þau unnust í harðri baráttu, með verkföllum, samstöðu og óbilandi kjarki þeirra sem ruddu brautina.

Saga Dagsbrúnar og Framsóknar er saga Eflingar. Þessi félög, ásamt fleirum, lögðu grunninn að því öflugna stéttarfélagi sem Efling er í dag. Þegar við berjumst fyrir hærri launum, betra húsnæði og auknum réttindum, þá göngum við í fótspor þeirra sem á undan okkur komu. Baráttan er sú sama, þótt áskoranirnar séu nýjar. Arfleifð þeirra er okkar dýrmætasta veganesti.

Stefnumótun fyrir Eflingarþing á fullum skriði: Húsnæðismál, launabjófnaður og valdefling í brennidepli



Eftir skipulegar umræður í hópum kusu meðlimir Trúnaðarráðs um veigamestu atriði hvers liðs

Undirbúningur fyrir Eflingarþingið, sem er nýr og mikilvægur vettvangur fyrir stefnumótun í félaginu, stendur nú sem hæst. Þingið verður haldið dagana 26. og 27. febrúar næstkomandi. Trúnaðarráð Eflingar leiðir nú skipulagða málefnavinnu þar sem línur verða lagðar fyrir þær umræður og ályktanir sem þingið mun taka afstöðu til.

Ferlið hófst formlega á fundi trúnaðarráðs þann 13. nóvember síðastliðinn. Þar fóru fram líflegar umræður um þau mál sem helst brenna á félagsmönnum. Þrjú meginþemu urðu ofan á í umræðunum og munu mynda kjarnann í stefnumótuninni:

Húsnæðismál:

Staða og réttindi bæði leigjenda og þeirra sem eiga sitt eigið húsnæði.

Launabjófnaður:

Aðgerðir og úrræði gegn þeirri vá sem launabjófnaður er.

Valdefling á vinnustað:

Leiðir til að styrkja stöðu félagsmanna og trúnaðarmanna á vinnustöðum.

Á fundinum var unnið í hópum þar sem trúnaðarráðsfulltrúar skiptust á skoðunum og lögðu grunn að þeirri vinnu sem framundan er.

Til að dýpka umræðuna og byggja stefnumótunina á traustum grunni verður málefnavinnunni haldið áfram á næsta fundi trúnaðarráðs þann 15. janúar. Þangað hafa verið boðaðir tveir sérfræðingar til að halda erindi og svara spurningum.

Lars Christian Fjeldsted, lögfræðingur frá norska alþýðusambandinu (LO), mun fjalla um árangursríka

baráttu Norðmanna gegn launabjófnaði og þá nýlegu lagasetningu sem gerir slíka háttsemi refsiverða. Jónas Atli Gunnarsson, frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), mun fjalla um stöðuna á íslenskum húsnæðismarkaði.

Í kjölfar erindanna munu trúnaðarráðsfulltrúar taka þráðinn upp aftur í skipulegri umræðu.

Sérstakur úrvinnslufundur verður svo haldinn 5. febrúar þar sem trúnaðarráð mun leggja lokahönd á undirbúninginn. Allur þessi undirbúningur miðar að því að leggja vel unnin drög fyrir félagsmenn á Eflingarþinginu sjálfu, þar sem þeir munu í sameiningu móta stefnu félagsins. Málefnavinnan í Trúnaðarráði er hjartað í lýðræðislegri stefnumótun Eflingar og tryggir að ákvarðanir þingsins byggji á breiðri og djúpri umræðu.

Valdefling í verki:

Trúnaðarmenn skerpa á skipulags- og samskiptahæfni



Gintautas Varskevicius, trúnaðarmaður Eflingar hjá Eir, deildi sinni reynslu af vinnustaðafundum

Trúnaðarmenn, sem eru hornsteinar Eflingar á vinnustöðunum, komu saman dagana 17. og 18. desember á fjölbreyttu námskeiði sem miðaði að því að efla þá í starfi. Áhersla var lögð á hagnýta þekkingu í skipulagsaðferðum, fundarstjórn og öruggri framkomu, allt með það að markmiði að styrkja baráttuna fyrir betri kjörum beint frá gólfinu.

Aðferðir til að byggja meirihluta

Karl Héðinn Kristjánsson, starfsmaður Eflingar, fór yfir skipulagsaðferðirnar „Organizing 4 Power“. Þessi aðferðafræði, sem hefur verið notuð með góðum árangri víða um heim, gengur út á að byggja meðvitað upp

meirihlutastuðning á vinnustöðum og í samfélaginu til að ná fram réttlátum kröfum. Efling hefur nýtt þessar aðferðir í sinni baráttu og mun halda því áfram.

Atli Antonsson, starfsmaður Eflingar, fjallaði um mikilvægi vinnustaðafunda og hvernig best er að skipuleggja þá og framkvæma til að ná árangri. Fundir á vinnustað eru eitt öflugasta tækið sem trúnaðarmenn hafa til að virkja og upplýsa sína vinnufélaga. Sérstaklega var gagnlegt þegar þeir trúnaðarmenn sem þegar hafa haldið slíka fundi deildu sinni dýrmætu reynslu með hópnum og

sköpuðust þannig líflegar og lærdómsríkar umræður.

Eftir hádegi tók Sirrý Arnardóttir, þekkt fjölmiðlakona og fyrirlesari, við og fór saumförum yfir listina að koma fram af öryggi. Trúnaðarmenn þurfa oft að vera talsmenn sinna vinnufélaga, stundum við krefjandi aðstæður. Þátttakendur fengu tækifæri til að spreyta sig á óundirbúnum ræðum og fengu hagnýt ráð sem nýtast þeim í hlutverki sínu.

Námskeiðið var vel heppnað og andinn góður. Vel þjálfaðir og öruggir trúnaðarmenn eru lykillinn að öflugu félagi og betri vinnustöðum.

Vinnustaðafundurinn: Þitt öflugasta verkfæri



Vinnustaðafundur hjá Sorphirðu Reykjavíkurborgar í umsjón Magnúsar Emils Bech

Vinnustaðafundur er þitt tækifæri til að hitta vinnufélaga þína, ræða sameiginleg hagsmunamál og styrkja samstöðuna – allt án afskipta yfirmanna. Efling hvetur alla trúnaðarmenn og félagsmenn til að nýta sér þennan kjarasamningsbundna rétt, en halda má fund tvisvar á ári á vinnutíma, þar sem fyrsti klukkutíminn er launaður.

Af hverju að halda vinnustaðafund?

Markmiðið er einfalt: að mynda tengsl. Eins og Atli Antonsson, verkefnastjóri hjá Eflingu, bendir á, þá er öflug verkalyðsstétt byggð á sterkum vinnustöðum. Fundurinn gerir

stéttarfélagið sýnilegt, því Efling er ekki bara skrifstofa í Guðrúnartúni – Efling ert þú og vinnufélagar þínir.

Á vinnustaðafundi getið þið:

Byggt upp samstöðu: Rætt það sem vel er gert og það sem betur mætti fara. Skipulagt ykkur: Myndað sjálfstæðan hóp sem getur brugðist við þegar á þarf að halda.

Stofnað ykkar Eflingar-klúbb:

Með því að hittast reglulega verður til sterk eining sem atvinnurekendur taka mark á. Árangur í baráttu fyrir betri kjörum, bæði á vinnustaðnum og í kjaraviðræðum, byggir á þessum tengslum sem verða til á gólfinu.

Hvernig á að byrja?

Ferlið er einfalt. Trúnaðarmaður, eða annar starfsmaður í umboði félaga sinna, hefur samband við yfirmann til að finna hentugan tíma og stað. Efling aðstoðar við undirbúning og getur sent starfsmann á fundinn ef óskað er. Og síðast en ekki síst – félagið spandíarar köku til að gera góðan fund enn betri.

Fjölmargir vinnustaðir, svo sem á hótélum, leikskólum og í sorphirðunni, hafa þegar haldið vel heppnaða fundi. Nýttu þér þennan rétt – sterkari vinnustaður byrjar með einum fundi.

Trúnaðarmaður mánaðarins - Rosaline Regalado Gimenez



Rosaline Regalado Gimenez er trúnaðarmaður Eflingar hjá Dögum hf.

Hvernig endurhlaður þú þig eftir langan eða krefjandi vinnudag?

Til að endurhlaða mig eftir krefjandi vinnudag fer ég í göngutúr og hlusta á uppáhalds lagalistann minn. Heima hef ég gaman af því að sauma krosssaum í frístundum. Ég geri líka léttar æfingar, geri teygjuæfingar á bekknum mínum og nýt þess að elda einfalda máltíð. Stundum tek ég stuttan lúr til að endurheimta orkuna. Ef börnin mín hafa frítíma spilum við UNO saman.

Af hverju skiptir samstaða í verkalýðsfélaginu máli á þínum vinnustað?

Samstaða í verkalýðsfélaginu er gríðarlega mikilvæg á mínum vinnustað. Hún veitir vernd gegn óréttlæti,

stuðning gegn áreitni og vernd gegn uppsögnum án gilda ástæðna. Þegar einstaklingur verður fyrir óréttlátri meðferð býður stéttarfélagið upp á lögfræðiráðgjöf og fulltrúa á áminningarfundum. Samstaða í stéttarfélaginu byggir upp traust, stuðlar að sanngirni og gefur okkur sterkari sameiginlega rödd. Þar að auki, með samstöðu hefur þú alltaf einhvern með þér í liði.

Hvað þýðir gott vinnuumhverfi fyrir þig í reynd?

Fyrir mér snýst gott vinnuumhverfi um gagnsæ samskipti frá stjórnendum, heilbrigða fyrirtækjamenningu og breytingar sem taka tillit til starfsmanna. Það snýst um að finna fyrir

virðingu, að það sé hlustað á mann og að maður sé metinn að verðleikum. Það er að hafa sanngjörn tækifæri til að vaxa í starfi. Auk þess þýðir það að geta sinnt starfi sínu án óþarfa streitu og álags.

Hvers hlakkar þú mest til á komandi ári – í vinnunni eða utan hennar?

Ég hlakka til komandi árs. Að leiða með ábyrgð og sjá frið og einingu í vinnunni er mikilvægt markmið og það er alltaf meira að læra af reynslunni. Ég vonast eftir frekari framförum í starfi stéttarfélagsins okkar. Að vera virkur og þekkja réttindi sín er mikilvægt svo við getum aukið vitundunga fólksins um framtíð þeirra. Þekking er máttur. Réttlæti fyrir ræstingafólk.

Hvað ættu allir að vita um ræstingarstörf sem oft gleymist?

Ræstingarstörf eru erfið og oft vanmetin. Við meðhöndlum efni og hættum eigin heilsu í þágu hreinlætis. Líkamlegur styrkur okkar er reyndur á hverjum degi með þungum tækjum. Við erum í fremstu víglínu á óhreinum svæðum en fáum engin aukaleg fríðindi frá fyrirtækinu.

Hvaða ráð myndir þú gefa einhverjum sem íhugar að verða trúnaðarmaður í fyrsta sinn?

Forysta snýst allt um samkennd, samskipti og hugrekki. Mitt ráð til nýrra trúnaðarmanna er þetta: Ef þú ert að takast á við mál frá vinnufélögum, reyndu að nálgast þau af yfirvegun og fagmennsku. Ef einhver er erfiður, einbeittu þér að málinu, ekki persónunni. Sem nýr trúnaðarmaður er skylda þín að vera fulltrúi og hlusta á félagsmenn, eiga skýr samskipti og berjast fyrir réttindum þeirra. Haltu félagsmönnum upplýstum. Ekki vera hrædd/ur við að biðja um hjálp frá reyndari trúnaðarmönnum eða fulltrúum stéttarfélagsins. Og mundu, þetta snýst um félagsmennina, ekki persónuleg markmið.